



## Fundargerð

**Stjórn VJB - 128. fundur stjórnar VJB haldinn Fjarfundur,  
18. mars 2019, kl. 13:00.**

### Fundinn sátu:

Guðrún Áslaug Jónsdóttir formaður, Vilhjálmur Árnason varaformaður, Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Óli Halldórsson aðalmaður, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir aðalmaður, Eyrún Arnardóttir aðalmaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarfélagi, Sævar Þór Halldórsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri og Ingibjörg Smáradóttir embættismaður.

**Fundargerð ritaði:** Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu.

**1. Svæðisráð austursvæðis - 91 - 1902002F**

*Formaður fór yfir helstu atriði sem fjallað var um á síðasta fundi svæðisráðs austursvæðis*

**2. Svæðisráð vestursvæðis - 71 - 1902003F**

*Formaður fór yfir helstu atriði sem fjallað var um á fundum svæðisráðs vestursvæðis.*

**3. Svæðisráð vestursvæðis - 72 - 1902007F**

*Formaður fór yfir helstu atriði sem fjallað var um á fundum svæðisráðs vestursvæðis.*

**4. Svæðisráð suðursvæðis - 65 - 1902004F**

*Formaður fór yfir helstu atriði sem fjallað var um á fundum svæðisráðs suðursvæðis.*

**5. Svæðisráð norðursvæðis - 57 - 1902006F**

*Formaður fór yfir helstu atriði sem fjallað var um á fundum svæðisráðs norðursvæðis.*

**6. UAR - stækkun þjóðgarðs - 1902003**

Á fundinn mættu gestir frá UAR vegna fyrirhugaðrar stækkunar þjóðgarðs.

### Gestir

Orrí Páll Jóhannsson - 00:00

Guðríður Þorvarðardóttir - 00:00

*Fulltrúar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins gerðu grein fyrir vinnu sem stendur yfir í ráðuneytinu við breyta mörkum Vatnajökulsþjóðgarðs til stækkunar. Um er að ræða nokkur svæði umhverfis þjóðgarðinn sem öll hafa verið á einhverjum tímapunkti til umfjöllunar.*

*Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs fagnar vinnu umhverfis- og auðlindaráðuneytið og hvetur til*

*að haldið verði áfram þeirri vinnu sem hafin er en tryggja áfram samráð við stjórn og svæðiráð þjóðgarðsins ásamt hagsmunaaðilum. Stjórn leggur áherslu á stækkun þjóðgarðsins fylgi fjármagn til rekstrar og innviðauppbýggingar.*

*Hvað varðar tillögu um stækkun þjóðgarðs við Herðubreiðarfríðland þá telur stjórn ekkert því til fyrirstöðu að lokið verði við að færa það svæði undir þjóðgarðinn enda ítrekað verið fjallað um málið í svæðisráði norðursvæðis. Stjórn fagnar ennfremur nýlegu samkomulagi Skógræktarinnar og Vatnajökulsþjóðgarðs um yfirfærslu umráða yfir þeim hluta Ásbyrgis sem er sunnan þjóðveggar 85. Svæðisráð norðursvæðis hefur í langan tíma kallað eftir því að yfirumsjón Ásbyrgis flyttist til þjóðgarðsins, enda um að ræða svæði þar sem stór hluti gestamóttöku þjóðgarðsins fer fram, þ.m.t. reiturinn sem Gljúfrastofa og bílastæði hennar stendur á. Eðlilegt er að mörk þjóðgarðsins verði uppfærð í samræmi við hið nýja samkomulag þannig að lög um Vatnajökulsþjóðgarð og reglugerðir gildi þar á sama hátt og annars staðar í þjóðgarðinum. Því óskar stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs eftir því að vinna við breytingu á þjóðgarðsmörkum klárast sem fyrst og felur þjóðgarðsverði og framkvæmdastjóra að vinna að nánari útfærslu þjóðgarðsmarka í Ásbyrgi í samráði við svæðisráð og aðra hlutaðeigandi aðila.*

#### **7. FOR - Þverá\_Brattland í Skaftárhreppi boðin til kaups - 1902007**

Fyrir fundinn lágu fyrir drög að svarbréfi til FOR vegna kaupa á Þverá/Brattlandi.

*Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs tekur undir með svæðisráði vestursvæðis og telur það jákvætt skref að ríkið eignist jörðina Þverá/Brattland. Lögð er áhersla á að aukið land býður upp á tækifæri en huga verður að fjármögnun vegna rekstrar og uppbyggingu innviða. Framvæmdastjóra falið að svara erindi forsætisráðuneytisins vegna þessa og senda með umsögn svæðisráðs vestursvæðis.*

#### **8. FOR - Heiði á Síðu í Skaftafellshreppi boðin til kaups - 1902006**

Fyrir fundinum lá drög að svarbréfi til FOR vegna kaupa á Heiði á Síðu

*Fyrir fundinum lá drög að svarbréfi til FOR vegna kaupa á Heiði á Síðu Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs tekur undir með svæðisráði vestursvæðis og telur það jákvætt skref að ríkið eignist jörðina Heiði á Síðu. Lögð er áhersla á að aukið land býður upp á tækifæri en huga verður að fjármögnun vegna rekstrar og uppbyggingu innviða. Framvæmdastjóra falið að svara erindi forsætisráðuneytisins vegna þessa og senda með umsögn svæðisráðs vestursvæðis.*

#### **9. FOR - Stafafell í Lóni boðin til kaups - 1902005**

Fyrir fundinum lá svarbréf frá svæðisráði vegna kaupa á Stafafelli í Lóni.

*Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs tekur undir með svæðisráði suðursvæðis og telur það jákvætt skref að ríkið eignist jörðina Stafafell í Lóni. Lögð er áhersla á að aukið land býður upp á tækifæri en huga verður að fjármögnun vegna rekstrar og uppbyggingu innviða. Framvæmdastjóra falið að svara erindi forsætisráðuneytisins vegna þessa og senda með umsögn svæðisráðs suðursvæðis.*

#### **10. Rekstraráætlun 2019 - 1809004**

Staða rekstrar 2019 - til kynningar. Staðan eins og hún lýtur út 15.3.2019 fyrir fyrstu 2 mánuði ársins

##### **Gestir**

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs - 00:00

*Fjármálastjóri fór yfir stöðuna í rekstri Vatnajökulsþjóðgarðs sem er í jafnvægi eftir fyrstu tvo mánuði ársins. Umhverfisráðuneytið hefur samþykkt rekstraráætlun og staðfest þriggja ára stefnumörkun til Vatnajökulsþjóðgarðs 2019.*

#### **11. Atvinnustefna - 1709017**

Framkvæmdastjóri kynnir vinnu við gerð Atvinnustefnu VJÞ

*Framkvæmdastjóri kynnti vinnu við atvinnustefnu Vatnajökulspjóðgarðs og helstu niðurstöður og ábendingar sem liggja fyrir eftir samráðsfundi með hagsmunaaðilum í ferðapjónustunni sem voru haldnir á síðustu vikum í Reykjavík, Vík í Mýrdal, Suðursveit, Egilsstöðum og Húsavík. Í kjölfar samráðsfundanna er nú hafin vinna við að semja stefnuskjal. Stefnt er að því að stjórn Vatnajökulspjóðgarðs geti samþykkt atvinnustefnu í maí nk. Þjóðgarðsverðir sögðu frá sinni upplifun af samráðsfundum svæða.*

**12. SAMÚT - minnisblað um stjórnsýslu og verklag vestursvæðis - Vonarskarð - 1903006**

Fyrir fundinn var lagt minnisblað frá SAMÚT

*Um fjöllun um minnisblað frá Snorra Ingimarssyni fulltrúa Samút í stjórn Vatnajökulspjóðgarðs frestað þar til svæðisráð vestursvæðis hefur fjallað um málið.*

**13. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006**

Framkvæmdastjóri fer yfir mál frá síðasta stjórnarfundum

**Gestir**

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður Mývatni - 00:00

Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður vestursvæði - 00:00

Helga Árnadóttir, þjóðgarðsvörður suðursvæði - 00:00

Guðmundur Ögmundsson þjóðgarðsvörður Ásbyrgi - 00:00

*Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir helstu verkefnum sem unnið er að hjá Vatnajökulspjóðgarði.*

Framkvæmdastjóri vikur af fundum

**14. Framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs - ráðning - 1903004**

Stjórn tekur fyrir skipun framkvæmdastjóra Vatnajökulspjóðgarðs

*Samkvæmt ákvæðum í 6.gr, 7. töluliðar og 8.gr.b. í lögum um Vatnajökulspjóðgarð (60/2007) um ferli við skipan framkvæmdastjóra er hlutverk stjórnar að gera tillögu til ráðherra um framkvæmdastjóra. Unnið er að því að frumvarp um Þjóðgarðastofnun verði að lögum og ekki er gert ráð fyrir starfi framkvæmdastjóra Vatnajökulspjóðgarðs þar í óbreyttri mynd. Núverandi framkvæmdastjóri er settur til 10 júní nk. Stjórnin vill árrétta að starfsemi þjóðgarðsins hefur þróast á afar jákvæðan hátt frá því í júní 2018 þegar núverandi framkvæmdastjóri tók til starfa. Mikilvægt er að finna leiðir til að tryggja að þjóðgarðurinn hafi framkvæmdastjóra sem getur haldið um rekstur og þróun starfseminnar með eðlilegum hætti á meðan á vinnu við lögfestingu og stofnun Þjóðgarðastofnunar stendur. Stjórn beinir því til umhverfisráðuneytisins að finna lausn sem miðar að því að tryggja að framkvæmdastjóri starfi áfram í því millibilsástandi sem verður þar til niðurstaða um stofnun Þjóðgarðastofnunar liggur fyrir.*

Fundi slitið kl. 16:00.